



FJF2A05
Fjölskyldan og félagsleg þjónusta

Námsáætlun, haustönn 2020

Kennari/kennarar:

Þórkatla Þórisdóttir

Netfang/netföng:

thorkatla@bhs.is

Lýsing:

Fjallað er helstu fjölskyldugerðir í nútíma samfélagi og þær breytingar sem hafa orðið á fjölskyldum og hlutverkum þeirra í sögulegu ljósi. Einnig eru skoðaðar ólíkar félagslegar þarfir sem og félagslegir erfiðleikar sem geta komið fram í fjölskyldum og lagalegur réttur þeirra til félagslegrar þjónustu.

Þekking, leikni, hæfni:

Markmið (þekking, leikni, hæfni):

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- helstu fjölskyldugerðum, fjölbreytileika fjölskyldna í íslensku samfélagi og breyttu hlutverki fjölskyldunnar í nútíma samfélagi
- helstu þáttum félagslegrar þjónustu, helstu fjölskyldugerðum og forsendur réttinda
- barnaverndarlögum og mikilvægi þeirra varðandi réttindi barna.
- ólíkum þörfum fjölskyldna vegna erfiðra félagslegra aðstæðna s.s. vímuefnavanda, ofbeldis, fjárhags- eða samskiptavanda ásamt fjölskyldum seinfærra foreldra.
- mikilvægi þess að afla upplýsinga og vísa fólki áfram til að leita lausna í erfiðri stöðu.
- mikilvægi víðsýni og umburðarlyndis í þjónustu við fólk í fjölbreyttum erfiðum aðstæðum.

Leikniviðmið

Nemandi skal öðlast leikni í að:

- skoða ólíkar fjölskyldugerðir og breytingar á mismunandi fjölskylduformum.
- skoða breytingar á ólíkum hlutverkum fjölskyldunnar í sögulegu samhengi.
- greina þarfir ólíkra fjölskyldugerða.
- lesa lög og reglugerðir til að gera sér grein fyrir forsendum ýmissa réttinda til félagslegrar þjónustu.
- greina ólíkar aðstæður barna út frá réttindum þeirra og velferð.
- skoða og greina flóknar aðstæður fjölskyldna sem glíma við félagslegan og persónulega vanda.
- að afla og miðla upplýsingum um þjónustu fyrir fjölskyldur.

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- öðlast betri skilning og næmni fyrir fjölbreyttum og erfiðum aðstæðum fjölskyldna
- greina ólíkar félags- og persónulegar þarfir skjólstæðinga sinna og aðstoða þá við lausnaleit



- leiðbeina einstaklingum og fjölskyldum með því að gera grein fyrir réttindum fólks til félagslegrar þjónustu sem er í boði hverju sinni
- vinna að velferð barna í erfiðum aðstæðum með því að upplýsa og styðja foreldrana, ásamt því að greina vanrækslu og ofbeldi
- deila með öðrum þekkingu, fordómaleysi og hæfni til að koma til móts við og þjónusta fólk í ólíkum aðstæðum
- ástunda sjálfstæð vinnubrögð og yfirfæra reynslu þegar tekist er á við ný verkefni

Námsmat:

Námsmat er fjölbreytt og byggist á einstaklings- og hópverkefnum en þau eiga að byggjast á námsefni frá kennara og upplýsingaleit af neti um réttindi og þjónustutilboð. Dagbókaverkefni eru unnin alla önnina til að þróa og meta hæfni nemenda til að setja sig inn í aðstæður fólks. Veigamikill þáttur í námsmati er virkni og frumkvæði í lausnarmiðaðri umræðu um siðferðileg og persónuleg málefni ímyndaðra skjólstæðinga. Heimildaritgerð sem byggir á heimildarvinnu, kynning. Áhersla er lögð á að nemendur miðli eigin reynslu úr lífi og starfi til annarra nemenda í áfanganum.

1. Verkefni, bæði hópverkefni, ásamt 5 einstaklings verkefnum 35%
2. Dagbók/pælingaverkefni 21% (7 pælingaverkefni)
3. Þjónustuverkefni 15%
4. Kynning á verkefni. 5%
5. Virkni og þátttaka í kennslustundum 25%

Í þættinum virkni og þátttaka þarf að ná að lámarki 5 til að ná áfanganum

Námsgögn:

Fjölskyldur við aldahvörf. 2001. Sigrún Júlíusdóttir. Reykjavík:Háskólaútgáfan.

Lög um félagsþjónustu sveitarfélaga og Barnaverndarlög.

Efni frá kennara.

Kennari mun benda á ýtarefni sem nemendur geta keypt eða fengið á bókasöfnum.

Aðrar mikilvægar upplýsingar:

Að nemendum séu ljós **jafnréttissjónarmið**, að þeir séu meðvitaðir og gagnrýnir á áhrif almennrar umræðu ásamt fjölmiðlaumfjöllunar um ólíkar aðstæður einstaklinga og fjölskyldna í fjölþættum erfiðum aðstæðum. Nemendur geri sér grein fyrir að forsendur fyrir góðri þjónustu við fólk er hæfni við að **lesa** í aðstæður og að leita upplýsinga og greina innihald þeirra. Að nemendur geti nýtt sér **læsi** á upplýsingar í þekkingarleit þegar leitað er eftir itarefni og heimildum í verkefnavinnu.

Kennsluáætlun kann að taka breytingum á önninni en þá að höfðu samráði við nemendur. **Nemendur þurfa að standast alla matsþætti. Rík áhersla er lögð á mætingar og ástundun. Nemendum er skilt að taka þátt í fjarkennslutímum og vera þá stundum bæði í hljóð og mynd.**

Lotur	Dags.	Námsþættir / Lotur	
Lota 1		Kynning á áfanganum, lesefni og vinnuaðferðum	
Lota 2		Valin atrið kennd betur. Hópavinna	
Lota 3		Kynning á verkefni - Hópavinna	



Vika	Dags.	Námsþættir	Námsmats- þættir, Skil verkefna
35(1)	24.- 29. ágúst	Inngangur- kynning – vinnulag í þessum áfanga	LOTA
36(2)	31.ág.- 5.sept.	Einstaklingur og samfélag	1. pælingav.
37(3)	7.-12. sept.	Hvað er fjölskylda, staða fjölskyldunnar í samfélaginu	1.verkefni
38(4)	14.-19. sept.	Lagaleg réttindi fjölskyldna - Lög og reglugerðir	2. pælingav.
39(5)	21.-26. sept.	Félagsleg þjónusta sveitarfélaga	2. verkefni
40(6)	28.sept.- 3.okt.	Fjölskyldustefna og tíðarandi	3. pælingav.
41(7)	5.- 10.okt.	Umræðutími: Mismunandi fjölskyldugerðir LOTA:unnið betur með valin atriði, heimildarvinna kennd, þjónustuverkefni útskýrt	LOTA 4.pælingav.
42(8)	12.-17 okt.	Samsettarfjölskyldur/stjúpfjölskyldur	3. verkefni
43(9)	19.-24. okt.	Barnavernd, vanræksla og ofbeldi	5. pælingav
44(10)	26.-31. okt.	Barnavernd, vanræksla og ofbeldi	4. verkefni
45(11)	2.-7. nóv	Fjölskyldur og ADHD	6.pælingav.
46(12)	9.-14. nóv.	Fjölskyldur og ofbeldi	5.verkefni
47(13)	16.-21. nóv.	Seinfærir foreldrar og börn þeirra	Þjónustuv skil
48(14)	23.-28. nóv.	Fjölskyldur og fíkn, meðvirkni	Kynning fyrir Þjónustuv.
49(15)	30.nóv- 5.des	Umræðutími: Nútíma fjölskyldan, samfélagið í dag LOTA: Hópav. v/þjónustuverk.	LOTA
50(16)	7.-12. des.	Samantekt og upprifjun Skil á lokapælingaverkefni	Kennslu lýkur 7.pælingaverk
51(17)	14.-18. des.	Einkunnaskil	

Tímaáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar.